

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 26. júlí 2018
UST201806-039/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Nes – Rangárþingi ytra


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðisins Ness við Rangá ytri. Í greinargerð er fylgir tillögunni kemur fram að stærð svæðisins er 8 ha.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og bendir á að byggingarreitur umhverfis bragga er nokkuð stór, og mikilvægt að stærðartakmörk deiliskipulagsins verði virt, þar sem braggi og möguleg viðbygging við hann eru svo nærri Rangá ytri.


Umhverfisstofnun tekur undir að vanda skuli til allra framkvæmda og frágang þeirra enda eru framkvæmdir á bakka Rangár ytri og mikilvægt að ekki verði neikvæð áhrif á ásýnd hennar.

Umhverfisstofnun tekur að öðru leyti undir áætlun um uppbyggingu ofangreinds útivistarsvæðis.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar B Bragason
Teymisstjóri